



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Stjórnarráð Íslands.
Innviðaráðuneytið.

Kópavogur, 17. ágúst 2026.
Málsnr. 2608005
PBG

Efni: Umsögn um hvítbók um byggðamál – drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára, mál S-104/2026


Vísað er til fyrirbyggjandi hvítbókar um byggðamál sem og umsagnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um grænbók sama efnis frá 16.mars 2026.

SSH telja mikilvægt að horft sé áfram til þeirra þátta sem nefndir er í umsögninni frá 16. mars og þeirra leiðarljósa sem þar koma fram.

Þá óska samtökin eftir frekara samráði er varðar C lið aðgerðaáætlunar til fimm ára „*Þróunaráætlanir fyrir borgarsvæði*“ en þar eru SSH nefnd sem framkvæmdaaðili með Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. Mikilvægt er að fyrir liggi nánari útfærsla á þessum lið aðgerðaáætlunarinnar s.s. er varðar tilgang, markmið, leiðir, fjármögnun aðgerðanna og tímaáætlun.

Að lokum hafa samtökin velt fyrir sér fjármögnun áætlana, sbr. sóknaráætlana, en í töflu 1. „*framlög til málaflokks 8.2. Byggðamála 2018-2026 og áætlun 2027-2031*“ kemur fram að lækkun verður á framlögum til sóknaráætlana á árinu 2027 og í raun lækkun út tímabil aðgerðaáætlunarinnar. Mikilvægt er að fá umræðu og skýringar á því hvernig þessi lækkun eins og hún birtist hefur áhrif á fjármögnun sóknaráætlunar landshlutans.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Umsögn SSH um Grænbók um byggðamál, mál S-22/2026, dags. 16. mars 2026



Stjórnarráð Íslands.
Innviðaráðuneytið.
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála.

16. mars 2026.

Efni: Umsögn um Grænbók um byggðamál, mál S-22/2026

Vísað er til fyrirbyggjandi grænbókar um byggðamál sem er umræðuskjal fyrir opið samráð þar sem haghöfum er boðið að leggja fram sín sjónarmið um framtíðarsýn, lykilviðfangsefni, áherslur og leiðir sem nýst gætu í stefnumótuninni.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fagna útgáfu grænbókarinnar og þeim greiningum sem hún felur í sér. Við vinnslu fyrri grænbóka um byggðaáætlun hefur það verið skoðun SSH að höfuðborgarsvæðið og hlutverk þess mætti koma sterkar inn í áætlunina. Vítnað hefur verið m.a. til starfa annarra landa hvað þetta varðar og OECD sem hefur ályktað um búsetugæði hvort sem er í borgum, bæjum eða dreifibýli og að svæðin hvert um sig nái að nýta tækifæri sín og stuðli þannig að sem öflugustum samfélögum. Þá hafa t.d. Finnland og Skotlandi haft það markmið að styrkja samspil borga við aðliggjandi dreifbýlissvæði ásamt rekstri á sérstakri borgarstefnu. Á Alþingi hefur nú verið samþykkt þingsályktun um borgarstefnu fyrir höfuðborgina Reykjavík og svæðisborgina Akureyri. Ekki má sjá mikil merki þessarar stefnumótunar í umfjöllun í grænbókinni og um tengsl hennar við byggðaáætlunina. Mikilvægt er að úr því veði bætt.

Framtíð byggðamála er mikilvæg á Íslandi. Efla þarf samkeppnishæfni landsins og þrátt fyrir mikil gæði lands og þjóðar er og verður samkeppni um fólk og fyrirtæki. Tryggja þarf öfluga landsbyggð og öflugt höfuðborgarsvæði og horfa þarf á landið sem heild þegar kemur að byggðaáætlun.

Að mati SSH á byggðaáætlun framtíðarinnar að horfa til þess að styrkja veik svæði um allt land og áfram þarf að vinna að sértækum áætlunum í málefnum þeirra. Sameiginlegir sjóðir verða að vernda þær byggðir sem mest berjast í bökkum við að halda byggð. Um þetta eru sennilega langflestir sammála

Það breytir því þó ekki að horfa þarf til landsins alls þegar rætt er um byggðaáætlun. Höfuðborgarsvæðið á að vera mikilvægur hluti af byggðaáætlun, vegna þess að byggðaáætlun á að snúast um þróun byggða og samfélag á öllu landinu. Í raun er ekkert höfuðborgarsvæði án landsbyggðanna og heldur engar landsbyggðir án öflugs höfuðborgarsvæðis með skilgreint hlutverk. Þess vegna eiga stjórnvöld að horfa á landið í heild – hvernig við getum eflt það og styrkt ekki síst út frá samkeppnishæfni þess.



Í fyrrgreindu samhengi á höfuðborgarsvæðið ekki að vera eftirbátur annarra svæða er varðar athygli og fjármagn frá ríkinu þegar kemur að byggðaaætlun. Vert er að halda því til haga að fjárframlög m.a til sóknaráætlana landshluta hafa þróast í jákvæða átt fyrir höfuðborgarsvæðið og því ber að fagna.

Þess ber að geta að þeir fjármunir sem SSH hafa fengið til sóknaráætlunar og sóknaráætlunarverkefna hafa nýst vel. Nefna ber þar verkefni eins og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem er nú m.a. grundvöllur þess að Samgöngusáttmálinn varð að veruleika og tilheyrandi efling almenningsgangna. Önnur mikilvæg verkefni má nefna, s.s. undirbúning samgönguverkefna, húsnæðismál, úrgangsmál, loftslagsstefnu, markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, velferðar- og skólamál, upplýsingatækni o.fl. Þau verkefni sem eru í gangi á hverjum tíma eru mjög mikilvæg þar sem þau leiða sveitarfélögin saman í þeim mikilvægu verkefnum sem snúa að sameiginlegu atvinnu- og þjónustusvæði.

En hvað er hægt að gera til þess efla byggðaaætlunina og þátt höfuðborgarsvæðisins í henni? Hægt væri að vinna sameiginlega stefnumótun um byggðaaætlun fyrir allt landið og horfa á það sem heild, höfuðborgarsvæðið þar með talið. Hægt er að horfa til þingsályktunar um höfuðborgarstefnu og skilgreina hlutverk höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að byggðaaætlun.

Það er mat SSH að mikilvægt sé að byggðaaætlunin sé unnin með ofangreint að leiðarljósi og forðast að í tilfelli byggðaaætlunarinnar sé landið brotið upp þannig að heildin kunni að verða veikari fyrir vikið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH